

Ár 2011, miðvikudaginn 23. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-490/2010:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson fulltrúi)

gegn

X

(enginn)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 3. mars 2011 er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi dagsettri 8. október 2010 á hendur X.

„fyrir brot á lögum um fullnustu refsinga

með því að hafa um hádegisbil miðvikudaginn 30. desember 2009 reynt að smygla inn í fangelsið að Litla Hrauni á Eyrarbakka 30 töflum af Ritalin Uno sem ákærði framvísaði til fangavarða eftir að fíkniefnahundur hafði merkt á ákærða í heimsóknarálmú fangelsisins.

Telst brot ákærða varða við 81. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fyrirkall í málinu var gefið út 15. nóvember 2010, en ekki tókst birting þess og var þá gefið út annað fyrirkall þann 10. desember 2010 og tókst ekki heldur birting þess. Var þá enn gefið út fyrirkall 21. janúar 2011 og var það birt, ásamt ákæru, í Lögbirtingablaði 31. janúar 2011, en óvíst var um dvalarstað ákærða og hafði

lögreglu ekki tekist að hafa upp á honum.

Ákærði mætti ekki við þingfestingu málsins þrátt fyrir löglega birtingu ákæru þann 31. janúar sl., ásamt fyrirkalli þar sem þess var getið að málið kynni að verða dæmt að ákærða fjarstöddum. Málið var því tekið til dóms samkvæmt 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt gögnum málsins kom ákærði að Litla Hrauni þann 30. desember 2009 í þeim erindum að heimsækja þar fanga. Kom í ljós að ákærði hafði meðferðis 30 lyfjabelgi sem hann afsalaði sér og lögregla tók í sínar vörslur. Kvaðst ákærði hafa ætlað að koma lyfjabelgjunum til fanga í fangelsinu, en hann hefði verið beðinn um þetta og hefði átt að fá greitt fyrir. Ekki kvaðst ákærði vita hvað væri í lyfjabelgjunum.

Þrjú af lyfjahylkjunum voru send til efnagreiningar hjá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Kom í ljós við efnagreiningu að í hylkjunum var metýlfenídat, sem er hið virka efni í lyfinu Ritalin Uno, sem mun vera notað til meðferðar á athyglisbresti með ofvirkni í börnum. Kemur jafnframt fram að sérlyfið Ritalin Uno 40 mg hefur markaðsleyfi Lyfjastofnunar, en hylkin litu út eins og umrætt lyf.

Í ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 81. gr. laga nr. 49/2005. Þar segir að „*Sá sem smyglar eða reynir að smygla til fanga munum eða efnum sem getið er í 1. mgr. 52. gr. og hann veit eða má vita að fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.*“ Í 1. mgr. 52. gr. laganna segir að „*Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem: 1. refsivert er að hafa í vörslum sínum, 2. hafa orðið til við refsiverðan verknað, 3. smyglað hefur verið inn í fangelsið, 4. fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum fangelsis.*”

Í ákæru er ekki vísað til 52. gr. laga nr. 49/2005, hvorki tiltekinna ákvæða né tölulíða, og er ákæran að þessu leyti ekki svö glögg sem vera skyldi. Þykir þó rétt, eins og málið er vaxið, að leggja dóm á það.

Samkvæmt 2. gr. sbr. 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974 um ávana og fíkniefni, sbr. 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 848/2002 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, er methylphenidate eitt þeirra efna sem eru bönnuð á íslensku yfirráðasvæði. Samkvæmt síðastgreindri reglugerð eru hins vegar undanþegin banninu efni „*sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð hafa verið skv. 7. mgr. 7. gr. sömu laga, og efni sem veitt hefur verið leyfi til að flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.*” Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, sem að ofan getur, hefur sérlyfið Ritalin Uno 40 mg hins vegar markaðsleyfi. Í ákærunni er ekki getið um efnið methylphenidate og ekki vísað til laga nr. 65, 1974.

Samkvæmt framansögðu verður meint refsináemi háttsemi ákærða ekki grundvallað á 1. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 49/2005.

Meint refsináemi háttsemi ákærða verður hvorki grundvallað á 2. né 3. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 49/2005, enda liggur ekkert fyrir um að lyfjahylkin hafi orðið til við refsiverðan verknað, eða að þeim hafi verið smyglað inn í fangelsið áður.

Við þingfestingu málsins vék sækjandi að því að samkvæmt reglum fangelsisins væri fanga óheimilt að verða sér út um lyf á annan hátt en hjá fangelsislækni og jafnframt væri fanga óheimilt að hafa í klefa sínum önnur lyf en þau sem hann hefði fengið hjá fangelsislækni. Þá vísaði sækjandi jafnframt til þess að samkvæmt reglum fangelsisins væri heimsóknargestum bannað að koma með lyf inn í fangelsið. Þá vísaði sækjandi til þess að ákærða hefði verið ljóst að honum væri ekki heimilt samkvæmt reglum fangelsisins að koma með nefnd lyfjahylki inn í fangelsið.

Í refsíákvæði því sem vísað er til í ákærunni, þ.e. 81. gr. laga nr. 49/2005 er ekki efnisregla um að refsivert sé fyrir heimsóknargesti að koma með lyf eða aðra tiltekna hluti í fangelsið. Ekki er heldur að finna slíka reglu í 1. mgr. 52. gr. laga nr. 49/2005, sem vísað er til í 81. gr. laganna. Í 1. mgr. 52. gr. nefndra laga er vísað til reglna fangelsis, en þær reglur hafa ekki verið lagðar fram í málinu, hafa ekki verið birtar skv. reglum laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005 og hafa ekki lagagildi. Er þannig ekki fyrir hendi gild refsíheimild sem byggja má á refsingu fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru í málinu, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en reglur fangelsisins á Litla Hrauni eru ekki gild refsíheimild. Hugmyndir ákærða um það hvort honum hafi verið leyfilegt eða ekki að koma með nefnd lyfjahylki í fangelsið geta ekki breytt þessu.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Ber að fenginni þessari niðurstöðu að ákveða að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 218. gr. laga nr. 88/2008, en um er að tefla kr. 29.235 sem er kostnaður vegna matsgerðar og rannsóknar á lyfjum.

Það athugast að nafn ákærða hefur misritast í ákæru.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður, kr. 29.235. greiðist úr ríkissjóði.

Sigurður G. Gíslason.

